

Reykjavík, 11. apríl 2023

## Innviðaráðuneytið

### Skrifstofa samgangna

**Efni: Umsögn Samorku um “ Áform um gerð Vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2030. Samráðsgáttarmál nr. 66/2023.**

Samorka þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreind áform.

Samorka tekur undir að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og ljóst að um leið og mörg tækifæri bíða okkur í orkuskiptum í samgöngum þá eru áskoranirnar einnig margar og stórar.

Það sem snýr að orku- og veitufyrirtækjum er að tryggja nægjanlegt framboð raforku til þess að tryggja að hægt sé að fasa út notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum og að innviðir geti mætt auknum raforkuflutningum bæði í flutningskerfinu en ekki síður í dreifikerfum rafveitnanna um allt land.

Samorka og aðildarfyrirtækin hafa lagt í mikla greiningarvinnu hér að lútandi og mjög mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra niðurstaða sem þar koma fram. Jafnframt er mikilvægt að samstarf takist við stjórnvöld um nauðsynlegar breytingar á lagaumgjörðin til þess að markmið Íslands náist og þá jafnframt að nauðsynlegur stuðningur verði við innviða uppbygginguna.

Samorka fagnar því að gert er ráð fyrir samráði við samtökin um gerð vegvísisins og eru samtökin mjög tilbúin til þess samstarfs.

*Virðingarfyllst,*

*f.h. Samorku*

*Baldur Dýrfjörð lögfræðingur*